Haustsýning FÍM

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Þegar þetta er ritað, er allt á fullu hjá hinni árlegu haustsýningu **Félags íslenzkra myndlistarmanna** og senn líður að lokum hennar, en í hönd fer síðasta sýningarhelgin.

Allt frá stofnun félagsins hefur verið leitast við að vanda sem mest til þessara sýninga og gera þær að rismesta viðburði á vettvangi myndlistar á höfuðborgarsvæðinu ár hvert, — og þar með á landinu öllu.

Þetta hefur að sjálfsögðu tekist misvel, — margar eftirminnilegar sýningar hafa risið upp, en hins vegar hafa þær einnig margar varla staðið undir nafni. Tilgangur þeirra var og er augljós, nefnilega að halda fram nýjum verkum félagsmanna og þjappa hópnum saman. Reglan var, að örfáir utanfélagsmenn, sem efnilegir þóttu, fengu að sýna með, enda var öllum opið að senda inn myndir til dómnefndar, sem valin er í sérstakri kosningu á aðalfundi ár hvert. Slíkir öðluðust um leið áfangaréttindi til inngöngu í félagið, en inntökureglurnar voru til skamms tíma mjög strangar.

Svo sem að líkum lætur, hafa verið uppi nokkrar deilur um form sýninganna innan félagsins á ýmsum tímum, því að menn hafa ekki verið á eitt sáttir um framkvæmd þeirra. Svo vill jafnan verða, er sýningum er ekki markaður ákveðinn rammi í upphafi, staðfestur af lögum og reglugerð. Auðvitað skapa breyttir tímar, ný viðhorf og ómæld fjölgun sýninga nýjar kröfur, sem viðkomandi verða að laga sig að, eigi sýningarnar ekki að staðna og lognast út af. Slíkt getur gerst á margan hátt án þess að hróflað sé við upprunalegu hugmyndinni, því að nokkur íhaldssemi er einmitt aðal og kjarni framkvæmdarinnar. Sýningarnar geta dafnað án þess



Myndverk eftir gest sýningarinnar, Roj Friberg.

að það gerist á kostnað framsækinna afla og byltingarkenndra hugmynda, því að það er einungis sterk og öflug burðargrindin, sem ekki má raska né veikja með vanhugsuðum aðgerðum. Líkja þá máski eftir einhverjum sýningum í útlandinu, sem eru allt annars eðlis eða hráum ómeltum innfluttum viðhorfum.


Það hefur einmitt komið í ljós, að þar sem mönnum hefur tekist að viðhalda hefðinni lengst, eru sýningarnar í nánasta sambandi við almenning er flykkist á þær. Þetta er án þess að slegið sé af kröfunni um að sýna jafnan nýja og ferska list. Á þann hátt fá menn almenning til þess að kynna sér ný viðhorf meðal myndlistarmanna, heilmikið af fólki, sem sækir annars alls ekki sýningar framúrstefnulistamanna. Þetta skapar einmitt umræður og mjög svo nauðsynlegar deilur, — því að lognmollan er einmitt hættulegasti andstæðingur allra sýninga.

— Þessu öllu er hér komið á framfæri vegna þess, að stöðugt hefur verið stokkað upp í hugmyndum um Haustsýningarnar nú síðustu árin, þannig að félagsmenn eru orðnir ruglaðir og áttavilltir og halda að sér höndum um þátttöku. Það álít ég einmitt vera hina raunverulegu þreytu. Í ár sýna t.d. einungis 18 félagsmenn, en 24 utanfélagsmenn og má af því ráða, að annað hvort séu flestir félagsmenn hættir að mála, eða í óefni er komið.

Nú er fyrri tilgátan víðs fjarri raunveruleikanum, því að fjöldi framsækinna félagsmanna er að mála af kappi og eldmóði og kýs að sitja heima. Áður var það föst regla, að myndir á sýningunni væru ekki eldri en 3—5 ára og hefðu ekki verið sýndar áður á höfuðborgarsvæðinu. Átti það að ýta undir þá upprunalegu hugmynd að sýna hverju sinni einungis ný verk. Þótt það rýri ekki gildi einstakra verka, virðist þessi regla ekki með öllu haldin í heiðri að þessu sinni. Nú hefur það verið tekið til bragðs til að hressa upp á sýninguna að velja ákveðið efni til handa félagsmönnum að vinna úr, en slíkt ber auðvitað keim af miðstýringu, sem er einmitt andstætt upprunalega markmiðinu. Að sjálfsögðu er það alls ekki sýningarnefndar né fámennra félagsfunda að segja starfsbræðrum sínum fyrir verkum og hvað þeir eigi að koma með né hvernig það skuli gert. Heldur einungis að velja úr innsendum verkum á þann hátt, að sýningarnar verði sem ferskastar og gefi raunhæfa mynd af stöðunni hverju sinni.

— Þegar kynna á verk gerð úr pappa eða á pappír svo sem stefnumarkið er í ár, er það vissulega mikilvægasta atriðið að geta tækninnar í sýningarskrá, en það hefur einmitt fullkomlega gleymst mönnum til undrunar og gremju. En sjálf er sýningarskráin óvenju vel úr garði gerð, unnin og hönnuð af Morkinskinnu og eru kápuspjöldin úr sýrulausum taumassa. Fylgir sýningarskránni fróðlegt ágrip úr sögu pappírsins. Einn maður stendur hér að baki, Hilmar Einarsson, og skipuleggur hann sinn hlut áberandi betur en hin fjölmenna sýningarnefnd.

Sé litið á sýninguna í heild virkar hún mjög slétt og felld á skoðandann, ekkert kemur honum á óvart eða sker sig sérstaklega úr vegna hressilegra átaka. Menn staðfesta með sóma getu sína á hinum ýmsu sviðum, sem við þekkjum mætavel frá fyrri sýn-



Alfreð Flóki: „Dásadans".

Akureyrarpistill

Guðmundur Heiðar Frímannsson

Jafnréttisnefnd og Jón G. Sólnes

Það hafa nokkuð skondin skoðanaskipti átt sér stað hér á Akureyri á milli Jóns G. Sólnes og jafnréttisnefndar. Það er ómaksins vert að skoða þau og hyggja ögn að því, hvort þau segja ekki nokkuð um það, sem nefnt hefur verið kvennabarátta og kvenréttindi. Mér hefur virzt, eins og fleirum, að sú barátta væri komin í nokkra sjálfheldu á síðustu misserum. Það þarf oft ekki nema eina skorinorða yfirlýsingu eða afstöðu til að bregða birtu yfir það, sem er að gerast.

Upphaf þessa máls er það að Jafnréttisnefnd Akureyrarbæjar samþykkti á fundi sínum 21. september sl., að halda skyldi fundi vikulega, á miðvikudögum kl. 16. 4. október kom þessi fundargerð til afgreiðslu bæjarstjórnar. Þá sagði Jón G. Sólnes, „að hann sæi ekki ástæðu þess, að nefndin sæti lon og don á fundum enda hefði hann ekki orðið var við þetta ójafnrétti, sem um væri talað í þessum bæ. Þessi nefnd er mesta húmbúkk í sögu þessarar bæjarstjórnar og það hefur ekki gefizt vel að hleypa svona mörgum konum inn í bæjarstjórn. Því fyrr sem nefndin verður lögð niður, því betra," sagði Jón. Svo segir frá í **Íslendingi** 6. október.

Í **Degi** 10. október er nokkuð samhljóða frásögn með svofelldri viðbót: „Valgerður Bjarnadóttir andmælti Jóni harðlega. Sagði skiljanlegt, að Jón, fulltrúi karlaveldisins, teldi ekki þörf á jafnréttisnefnd. Hins vegar væri jafnréttið ekki meira en það, að ástæða þætti til að setja um það sérstaka löggjöf um jafnrétti. (sic) Benti hún Jóni á, að nafni hans og sonur, Jón Kr. Sólnes, ætti sæti í umræddri jafnréttisnefnd og hefði hann skrifað undir þá fundargerð sem Jón G. Sólnes væri að agnúast út í.

En Sólnes lét sig ekki þrátt fyrir átölu (sic) forsetans. Hann sagði, að nefndin væri jafn óþörf og fundargerðir hennar jafn vitlausar, þótt einhver Sólnes hefði skrifað undir þær. Sagði hann ójöfnuð í samskiptum kynjanna í bænum ekki það mikinn, að ástæða væri til að jafnréttisnefnd héldi gagnslausa fundi hálfsmánaðarlega eða oftar."

En málinu var ekki lokið hér með. Jafnréttisnefndin átti eftir að taka þessi orðaskipti fyrir og semja um þau ályktun. Hana mátti sjá í **Íslendingi** 20. október. Þar segir: „Að gefnu tilefni vegna umræðna í bæjarstjórn Akureyrar um skipan og störf Jafnréttisnefndar Akureyrar, vill nefndin árétta, að hún er ekki sjálfskipuð. Nefndin, eins og aðrar jafnréttisnefndir í landinu, er skipuð á grundvelli fyrri samþykkta sveitarstjórna á hverjum stað í samræmi við tilmæli Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna og Jafnréttisáætlun Sameinuðu þjóðanna frá 1980, en eins og allir vita er Ísland aðili að Sameinuðu þjóðunum. Verkefni nefndarinnar eru ekki þess eðlis, að þau verði leyst af hendi í skjótri svipan fyrir alla framtíð. Hér er um hægfara þróun að ræða, þar sem nauðsynlegt er að taka mið af mörgum þáttum í senn."

Þessu til viðbótar lét einn nefndarmaður bóka þessi ummæli: „Ef skipan og störf Jafnréttisnefndar er „húmbúkk" að áliti bæjarstjórnarmanna skal á það bent, að þeir hafa sjálfir skipað og samþykkt „húmbúkkið"."

Þessi skoðanaskipti hafa átt sér stað fram til þessa og aldrei að vita nema framhald verði á. En í þessu er eitt og annað fróðlegt.



Jón G. Sólnes

Ég hef aldrei skilið, hvers vegna það er sérstaklega lofsvert að fara að tilmælum Sameinuðu þjóðanna af þeirri ástæðu einni saman að það væru tilmæli frá þeim. Það kemur margt misjafnt úr þeim herbúðum og rétt að meta það hverju sinni, hvort það er skynsamlegt eða ekki. Það fer ekki mikið fyrir slíku í svari Jafnréttisnefndar. Sá hlutinn, sem vísar til Sameinuðu þjóðanna, er heldur kátlegur. Það, sem mestu máli skiptir, er náttúrulega það, hvort nefndin hefur eitthvert verk að vinna, sem er brýnt. En um það segir einungis, að verkefni nefndarinnar séu ekki þess eðlis, að þau verði leyst af hendi í einni svipan. Þá er eðlilegt, að spurt sé hvort sú þróun, sem þarna er minnst á, sé ekki þess eðlis, að störf nefndarinnar breyti engu þar um. Hún sé því, þegar allt komi til alls, gagnslaus. Það er rétt að taka það sérstaklega fram, að auðvitað getur nefndin komið að þeim notum að friða Kvennaframboðið, telja konum, sem því fylgja, trú um, að unnið sé að jafnrétti, þótt nefndin breyti engu þar um. Það er náttúrulega gagn í ákveðnum skilningi, en ég hygg, að það hafi ekki verið upphaflegi tilgangurinn. Hugmyndin var og er að hún stuðli að jafnrétti.

Ég hef ekki fylgzt vandlega með störfum þessarar nefndar. En ég ímynda mér að hún hafi gegnt hlutverki sínu hvorki betur né verr en aðrar sambærilegar nefndir í landinu. En hvað geta þessar nefndir gert til að bæta það ástand, sem hefur ríkt í þessu landi eins og öðrum, þar sem konur hafa vanizt því að vera ekki metnar til jafns við karla? Það er reyndar ekki mjög margt. Í sumar leið hélt Norræna jafnréttisnefndin fund hér á Akureyri. Það kom fram á fundi hjá henni að hennar helzta verk er að afla upplýsinga um kjör kvenna á Norðurlöndum. Þær geta í sjálfu sér lítið gert til að bæta kjör þeirra eða efla hlut þeirra á nokkurn hátt. Það eina sem þær gerðu var að kanna hlutskipti kvenna, dreifa upplýsingum og vona það bezta, þ.e.a.s.